



ásamt

Friðriki Vigni Stefánssyni

Bach-tónleikar

í

Kristskirkju

13. mars 1994

kl. 17<sup>00</sup>

Stjórnandi

Jón Karl Einarsson

## Efnisskrá:

### Preludia og fuga í c-moll

Flytjandi: Friðrik Vignir Stefánsson

### Sálmforleikur að Jesu, meine Freude

Flytjandi: Friðrik Vignir Stefánsson

### Jesu, meine Freude

Flytjendur: Selkórinn

### Preludia og fuga í a-moll

Flytjandi: Friðrik Vignir Stefánsson

Johann Sebastian Bach (f. 1685) naut einkum vinsælda á sinni tíð sem afburðasnjall orgel- og hapsíkkordleikari, en hann starfaði jafnan sem organisti eða tónlistarstjóri við kirkjur eða í þjónustu hirðar. Hann fékk sitt fyrsta embætti aðeins átján ára gamall sem organisti í Arnstadt. Þar vann hann í nokkur ár en starfaði svo í áratug sem hirðorganisti í Weimar og síðan sem tónlistarstjóri kjörfurstans af Anhalt-Köthen. Síðasta embætti hans var starf kantors í Leipzig. Þar vann hann um áratugaskeið — til dauðadags 1750. Bach var fjölskyldumaður, tvíkvæntur, tuttugu barna faðir, en tíu þeirra komust á legg. Nokkrir synir hans, sem og margir frændur, bæði eldri og yngri en Johann Sebastian, voru í fremstu röð tónlistarmanna á sinni tíð.

Tónsmíðar voru jafnan hluti af starfsskyldu Bachs. Þó að samtíðarmönnum hafi þótt mest til um hljóðfæraleik hans, og fundist tónsmíðarnar nokkuð gamaldags — til dæmis miðað við verk sonanna — þá er víst að á níttjándu og tuttugustu öld hefur snilld Johanns Sebastians Bach verið höfð í hávegum. Orð Bachs um aðferð sína lýsa afstöðu hans: „Ég hef þurft að leggja hart að mér, hver sem gerir það getur náð jafnlangt.“ En það hefur orðið bið á fólki sem getur lagt jafnhart að sér. Hann telst nú hiklaust merkasta tónskáld barokktímans, sem þó skartar ekki minni mönnum en Händel og Vivaldi. Og þar með situr hann stöðugur á virðingarsessi sem eitt fremsta tónskálda allra tíma.

Í verkum sínum felldi Bach saman og endurskapaði fjölbreyttan stíl og margvísleg tónlistarform samtíðar sinnar og fram á þennan dag er hann áhrifavaldur og lærimeistari þeirra sem fást við kontrapúnt. Verk hans skipta hundruðum en talið er að aðeins helmingur þeirra hafi varðveist. Einna þekktast eru stærstu kórverkin, Jóhannesarpassían, Matteusarpassían, Jólaóráttin og H-moll messan. En fjölbreytni verka Bachs er með ólíkindum, hann samdi kantötur fyrir alla helgidaga kirkjuársins, sálmaforleiki, tokkötur og fúgur fyrir orgel, fiðlukonserta, kammertónlist og hljómsveitarverk.

Skömmu eftir að Jóhannes Sebastian Bach fluttist til Leipzig, virðist sem honum hafi verið falið að semja mótettu til minningar um Jóhönnu Maríu Kase, eiginkonu póstmeistarans í borginni. Mótettan var fyrst flutt á minningarathöfn í Nikulásarkirkju, 18. júlí, 1723. Aðstæðurnar einar sér hafa varla snortið tónskáldið djúpt, en þær löðuðu þó fram tónverk sem er einna persónulegast af öllum verkum Bachs og er líka einkar hagleg smíð að uppbyggingu.

*Jesu, meine Freude* er lengsta mótetta Bachs og þeirra stílhreinust. Hún er skrifuð fyrir fimm radda kór með bassafylgirödd (*basso continuo*). Mótettan er svipmikið verk fyrir margra hluta sakir. Þar má einkum nefna tvennt: Í fyrsta lagi óvenjulega röddun. Hún er víðast kristaltær en þó mjög flókin á köflum. Sérstakur svipur raddfærslunnar helgast af því hvernig Bach gefur margslungnum kontrapúntki aðalkaflanna (2., 6. og 10.) hljómræman grunn, og af því hve framrás laglínu einstakra radda er hrein og bein í verkinu öllu, jafnvel í einföldustu kórlögunum.

